

Dreifibréf til rekstrarfélaga verðbréfasjóða

4. desember 2015
Tilvísun: 2015110011

Efni: Tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 43. gr. laga nr. 128/2011.

Að gefnu tilefni vill Fjármálaeftirlitið áréttta þær reglur sem gilda um tilkynningar til stofnunarinnar fari fjárfesting verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.


Samkvæmt 43. gr. laganna skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt án tafar fari fjárfesting verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs í rekstri félagsins fram úr fjárfestingarheimildum laganna og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Tilkynningarskylda til Fjármálaeftirlitsins stofnast hjá rekstrarfélagi um leið og frávik eða brot á fjárfestingarheimildum verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs á sér stað. Samkvæmt 43. gr. skal tilkynningin send stofnuninni án tafar. Litur Fjármálaeftirlitið svo á að með því sé átt við að tilkynnt skuli innan sólarhrings frá því tilkynningaskylda samkvæmt framangreindu stofnast.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er fullnægjandi að senda umrædda tilkynningu með tölvupósti á netfangið fme@fme.is, innan sólarhrings frá því fjárfesting verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðs fór fram úr leyfilegum mörkum laganna.

Með hliðsjón af framangreindu er vakin sérstök athygli á heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita rekstrarfélög verðbréfasjóða stjórnvaldssektum vegna brota á ákvæðum 30.-43. gr., sbr. 15. tölul. 1. mgr. 65. gr. áðurgreindra laga.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Halldóra E. Ólafsdóttir


Vigdís Sveinsdóttir